



Reykjavík, 8.5.2020

R20050089

Lagt fyrir fund mannréttinda,- nýsköpunar,- og lýðræðisráðs 14. maí 2020

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Efni: Áhrif Covid-19 veirunnar á borgarsamfélagið

1. Inngangur: Stöndum vörð um jafnrétti borgarbúa á tímum Covid-19

Covid-19 veiran hefur haft gríðarleg áhrif á líf fólks um allan heim. Á tímum sem þessum er mikilvægt að grunngildi mannréttinda og jafnræðis borgarbúa verði áfram vernduð og styrkt. Evrópuþjóðir hafa vaxandi áhyggjur af áhrifum samkomutakmarkana á atvinnulífið en faraldurinn kann einnig að hafa annars konar afleiðingar. Efnahagslegur óstöðugleiki, aukið atvinnuleysi og óvissa um það hvenær uppbygging getur hafist er til þess fallið að skapa félagslegan óróa. Við slíkar aðstæður reynir á grunngildi samfélaga um mannréttindi og lýðræði. Fordómar í garð minnihlutahópa og hatursorðræða á samfélagsmiðlum hefur þegar aukist í löndunum í kringum okkur. Á þessum tímamarki er mikilvægt að við búum okkur undir að grípa inn í þessa þróun hér landi, t.d með aukinni vitundarvakningu og fræðslu sem hvetur borgarbúa til að standa vörð um þessi gildi.

2. Umburðarleysi á fordæmalausum tímum

2.1 Auknir fordómar og hatursorðræða

Líkt og flestum er kunnugt á Covid-19 faraldurinn uppruna sinn að rekja til Kína. Þegar veiran fór fyrst að gera vart við sig á heimsvísu fór að bera á auknum fordómum, hatursorðræðu og hatursglæpum í garð fólks af asískum uppruna víða um heim. Fréttir af slíkum atvikum hafa m.a. borist frá Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum, Spáni og Ítalíu. Dæmi eru um að stjórnámálamenn hafa ýtt undir þessa fordóma með því að kalla Covid-19 „kínverska vírusinn“.

Einstaklingar af asískum uppruna eru þó ekki þeir einu sem hafa upplifað fordóma. Fordómar í garð innflytjenda og annarra einstaklinga af erlendum uppruna hafa aukist frá því að veiran tók að dreifast um heiminn. Fréttir þess efnis að veiran sé útbreiddari í hverfum þar sem hlutfall innflytjenda er hátt hefur ýtt undir slíkar hugmyndir. Í Noregi og Svíþjóð hefur hlutfall innflytjenda sem smitast hafa af veirunni verið óvenju hátt og þar af hefur hlutfall Sómala staðið upp úr.¹ Fréttir af þessari skiptingu hafa aukið fyrirliggjandi fordóma gagnvart fólki af tilteknum uppruna, litarhátti eða þjóðerni.

Þá getur hatursáróður beinst að ákveðnum svæðum sem tengd hafa verið við faraldurinn. Í þýskum fjölmiðlum hefur ítrekað verið vísað til þess að Covid-19 veiran hafi fyrst byrjað að dreifa sér þar innan tiltekins héraðs. Umfjöllunin varð til þess að hatursfull orðræða hófst um fólk frá héraðinu og voru m.a. unnin skemmdarverk á bílum með númeraplötur frá svæðinu.

2.2 Hatursorðræða og tjáningarfrelsið

Hatursorðræða grefur undan lýðræði og tjáningarfrelsi. Hatursorðræða og hatursfullur áróður er ekki aðeins skaðlegur þeim sem fyrir honum verða heldur samfélaginu í heild sinni. Covid-19 hefur valdið kvíða og raskað lífi fólks um allan heim. Aðstæður sem þessar eru til þess fallnar að grafa undan þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni gegn fordómum.

Leggja þarf áherslu á allir borgarbúar finni að þeir eru hluti af borgarsamfélaginu, virkja ólíka hópa innan borgarinnar og tryggja eins og hægt er að upplýsingar nái til allra. Meðal þess sem við getum gert til að berjast gegn hatursorðræðu er að þróa verkfæri til uppbyggilegra aðgerða, styðja við jákvæð verkefni í íbúa hverfum borgarinnar og styrkja samvinnu við hagsmunafélög.

¹ Meðal þeirra þátta sem kunna að útskýra þessa dreifingu er að innflytjendur búa gjarnan þröngt sem eykur líkurnar á smiti milli fjölskyldumeðlima. Þá sinna innflytjendur oft störfum sem eru þess eðlis að hætta á smiti er meiri en almennt gerist, t.d við verslunarstörf, umönnun, þrif eða keyrslu leigubíla. Þekking innflytjenda á tungumálinu getur einnig verið takmörkuð og þá komast upplýsingar um smitvarnir síður til skila. Að lokum hefur verið nefnt að menningarlegar ástæður geti einnig búið að baki, en sem dæmi berast fréttir gjarnan manna á milli innan samfélags Sómala og því er minni áhersla lögð á að fylgjast með upplýsingum frá hinu opinbera. Bent hefur verið á að þó yfirvöld í Noregi og Svíþjóð hafi gefið út upplýsingar um áhrif veirunnar á nokkrum tungumálum, m.a. á sómölsku, nái upplýsingar á samfélagsmiðlum eða vefsíðum heilbrigðisstofnana síður til innflytjenda.

3. Covid og jafnrétti

Mun fleiri konur en karlar vinna við umönnun og hjúkrun. Konur sinna frekar ólaunuðum umönnunarstörfum en karlar og má ætla að sú byrði aukist við covidveikindi í fjölskyldum og einnig þegar þeir sem eru ekki bráðaveikir eru sendir heim til að rýma fyrir covid sjúklingum. Álag á konur er því meira en á karla í slíkum faraldri. Þegar leik- og grunnskólar loka og ekki nýtur aðstoðar afa og ömmu eða annarra ættingja sem þurfa að gæta að samskiptum vegna aldurs eða undirliggjandi sjúkdóma þá er álagið enn meira og getur jafnvel leitt til þess að konur og karlar hafi ekki möguleika á að sinna starfi sínu. Þetta ástand hefur oft meiri áhrif á þá lægst launuðu sem eru ólíklegri til að geta sinnt störfum sínum að heiman. Þetta hefur svo keðjuverkandi áhrif og getur m.a. leitt til þess að fólk hafi ekki nóg að bíta og brenna og missi húsnæði.

Bent hefur verið á mikilvægi þess að þær aðgerðir sem opinberir aðilar, bæði ríki og sveitarfélög, ætla að leggja í til að skapa atvinnu þurfi að höfða til beggja kynja. Þar sem vinnumarkaðurinn er mjög kynskiptur er hættu á að t.d. megin áhersla á byggingar/framkvæmdir henti frekar körlum en konum. Einnig hefur verið bent að karlar eigi auðveldara en konur með að afla fjármagns til nýsköpunarverkefna.

Þar sem hátt hlutfall innflytjenda starfar bæði í byggingariðnaði og í ferðamannaíðnaði þá þarf sérstaklega að huga að þeim hópi.


Þegar teknar eru ákvarðanir í krísuástandi verður að hafa í huga hvaða áhrif þær hafa á konur og karla og drengi og stúlkur og mismunandi hópa innan samfélagsins, s.s. innflytjendur, fatlað fólk og hinsegin fólk. Í stuttu máli þarf að hafa í huga alla þá hópa sem mannréttindastefnan tekur til þegar teknar eru ákvarðanir um verkefni sem ráðist á í til að skapa vinnu.

4. Covid og heimilisofbeldi

Heimilið er ekki öruggur staður fyrir alla. Meiri einangrun getur gert heimilið að enn hættulegri stað en ella þar sem álagið er meira og erfiðara getur verið að leita sér hjálpar.

Fréttir víðsvegar að úr heiminum sýna að heimilisofbeldi hefur aukist á Covid tímum, í Reykjavík sýna nýjustu tölur að heimilisofbeldi er 29% meira í apríl 2020 en í sama mánuði í fyrra og voru 33% meiri í mars en í sama mánuði í fyrra. Þegar horft er til fyrstu fjóra mánaða ársins 2019 og 2020 er aukningin 12%.

Litið er á öryggi á heimilum sem grundvallarmannréttindi.



Mynd 1: Samanburður á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2019 og 2020. Útköll lögreglu vegna heimilisofbeldismála í Reykjavík

Það hefur einnig verið bent á að ofbeldi gegn börnum aukist, sérstaklega þegar leik- og grunnskólar eru lokaðir.

Meiri heimavera og einangrun hefur einnig áhrif á líf barna og voru tilkynningar til barnaverndar Reykjavíkur í apríl samtals 468. Ekki hafa borist fleiri tilkynningar í mánuði síðustu tvö ár ef frá er talinn janúar á þessu ári þegar 480 tilkynningar bárust. Árið 2019 bárust að meðaltali 390 tilkynningar pr. mánuð.

5. Lýðræði á tímum Covid-19

5.1 Lýðræðislegu stjórnskipulagi ógnað

Ýmis teikn eru á lofti um að stjórnvöld víða í heiminum nýti sér Covid-19 ástandið til þess að taka ákvarðanir og breyta leikreglum lýðræðisins þannig að töluverð ástæða er til þess að hafa áhyggjur af lýðræðisþróuninni um þessar mundir.

Leiðtogar sumra ríkja hafa gengið svo langt að þeir hafa hætt að „þykjast“ spila eftir leikreglum lýðræðisins. Það gera þeir með því að draga úr vægi lýðræðislegra stofnanna til þess að veikja möguleika þeirra til þess að veita þeim aðhald. Ráðist er á sjálfstæði dómstóla, fjölmiðlum er ógnað, þjóðþing eru gerð óvirk þannig að þau geta ekki sinnt eftirlitshlutverkum sínum. Ólýðræðislegir leiðtogar nýta tækifærið til valdasamþjöppunar og stigmagnandi brota á borgaralegu frelsi og pólitískum réttindum.

Þessi þróun hefur gert það að verkum að lýðræðisríkjum fækkar og almenningur er berskjaldaðri fyrir valdagráðum leiðtogum í kjölfar Covid-19. Þetta niðurbrot hefur verið

sýnilegast í mið Evrópu og Balkan löndunum þar sem lýðræðið hafði styrkst mjög eftir að kalda stríðinu lauk.

5.2 Pólland

Staða lýðræðis í Póllandi hefur verið að versna mjög undanfarin misseri. Stjórnarflokkarnir hafa verið í hörðu stríði gegn dómskerfinu til þess að nýta þá í pólitískum tilgangi þannig að einstakir dómarmar verða fyrir ofsóknum. Staða hinsegin fólks hefur sömuleiðis versnað mjög hratt frá síðustu kosningum. Nú nýta þessi stjórnvöld sér enn frekar ástandið sem skapast vegna Covid-19 til þess að tryggja sér enn meiri völd.

Neðri deild pólska þingsins samþykkti í síðustu viku frumvarp til laga sem heimilar að forseti verði kjörinn með póstkosningu. Frumvarpið kom frá Laga- og réttlætisflokkurinn, stærsta stjórnarflokknum, sem kvað það nauðsynlegt í ljósi kórónuveirufaraldursins. Stjórnarandstaðan var á öðru máli og sagði ekki hægt að tryggja gagnsætt og öruggt forsetakjör í póstkosningu. Forsetakosningar áttu að fara fram í Póllandi á sunnudag, en stjórnarandstaðan og sumir stjórnarliðar vildu að þeim yrði frestað þar til faraldurinn væri yfirstaðinn. Samkomulag náðist um að fresta kosningunum án þess að getið væri dagsetningar, en varaforsætisráðherra Póllands sagði eftir samkomulagið að kosningar yrðu fyrst mögulegar í næsta mánuði.²

5.3 Ungverjaland

Sömu sögu er að segja í Ungverjalandi þar sem ríkisstjórn Viktor Orbán's hefur að engu lýðræðislegar stofnanir og hefur yfirtekið stóran hluta fjölmiðla í landinu. Neyðarlögin sem samþykkt voru fyrir nokkrum vikum skipa Orbán leiðtoga Ungverjalands ótímabundið og standast í engu samþykktir Evrópusambandsins sem Ungverjaland á aðild að. Sjaldan hefur lýðræðið fallið jafn hratt og það hefur gert síðasta áratuginn í Ungverjalandi.

Miklu fleiri svona sögur er hægt að segja en þessar lýsa ástandinu víða þessi misserin.

5.4 Ljós í myrkrinu

Í faraldri af þessu tagi verður munurinn á nálgunum og stjórnarfari ríkja svo greinilegur. Í upphafi hefði jafnvel mátt búast við því að einræðisríkjum myndi ganga betur að ná tökum á slíku ástandi vegna hlýðni borgara sinna og öflugis eftirlitskerfis. Svo kemur í ljós að þjóðir þar

² <https://www.ruv.is/frett/2020/05/07/postkosning-samthykt-i-pollandi>

sem samfélagslegt traust er mikið gengur betur að glíma við faraldurinn. Sérfræðingar veita ráð og almenningur telur hag sínum best borgið með því að fylgja þeim ráðum af því það treystir sérfræðingunum og áttar sig á því að samfélagið er heild þar sem borgarar þurfa að standa saman og treysta hver öðrum til þess að vinna bug á veirunni.

Það dugar ekki að lýðræðislegir innviðir samfélagsins séu sterkir til þess að vel gangi á tímum sem þessum. Í Frakklandi, sem er þróað lýðræðisríki með sterka innviði en lítið samfélagslegt traust, segist Macron forseti vera að heyja stríð „kinetic war“ og hefur breytt Elysée höll sinni í stjórnstöð.

En í bæ einum í Svíþjóð hefur sveitarfélagið brugðið á það ráð að fá unglinga, sem hafa verið í fjarkennslu frá skólum sínum, til þess að hjóla með matarpakka til eldri borgara gegn því að fá þóknun í formi úttektar á veitingahúsum í bænum. Fjölmargar slíkar sögur hafa verið sagðar á tímum Covid-19.

Á Íslandi hefur fagfólki verið treyst fyrir forystu í því verkefni að ráða niðurlögum Covid-19 faraldursins og í samstarfi við stjórnvöld og almenning hefur náðst svo góður árangur að eftir því er tekið víða um heim. Það má þó ekki gleyma því að lýðræðið byggist á mannréttindum og margs konar frelsi fólks til athafna svo sem viðskipta, tjáninga og flutninga. Efnahagsástandið sem tekur við af Covid-19 verður ekki síður áskorun fyrir samfélagið. Á þessum tímum þurfa stjórnvöld að taka ýmsar ákvarðanir um útteilingu gæða eins og um það hverjum skuli veitt lán og aðstoð ríkisins. Að ýmsu er að hyggja í þeim efnum. Sjaldan hefur verið mikilvægara að stjórnvöld útskýri ákvarðanir sínar og viðhafi eins gegnsæ vinnubrögð og frekast er unnt.